

Birtist á Pressan.is, 26. maí 2011.

Boð og bönn í stað markaðslausna

Jón Steinsson

Ríkisstjórnin hefur lagt fram á Alþingi frumvarp sem gerir talsverðar breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Það er ýmislegt jákvætt í frumvarpinu en margt annað sem er afskaplega neikvætt. Því miður virðast hugmyndir um boð og bönn hafa átt undirtökin í stað hugmynda um markaðslausnir. Það væri unnt að ná markmiðum stjórnvalda um betri aðgang nýliða og að þjóðin njóti auðlindaarðsins að sanngjörnum hluta án þess að hagkvæmni greinarinnar væri förnað. Sú leið var því miður ekki valin.

Verði frumvarp um stjórn fiskveiða að lögum munu aflaheimildir sem ráðstafað er til standveiða og byggðakvóta líklega aukast um 50% og verða um 5% af öllum úthlutuðum aflaheimildum. Þessi ráðstöfun (og aukning) er verulegt frávik frá hagkvæmri stjórn fiskveiða. Strandveiðar leiða til „ólympískra“ veiða með tilheyrandi offjárfestingu og sóun. Úthlutun byggðakvóta er pólitísk og víkur því frá hagkvæmnissjónarmiðum. Hún býður þar að auki heim verulegri hættu á pólitískri spillingu. Ég skal ekki dæma um hvort réttlætanlegt sé að verja 5% af auðlindaarðinum til byggðamála. Það er hins vegar unnt að ná byggðamarkmiðum á hagkvæmari hátt en gert er í þessu frumvarpi.

Að 15 árum liðnum verða líklega um 10% af úthlutuðum aflaheimildum í leigupotti. Þessar aflaheimildir verða boðnar upp á kvótaþingi. Ef allt er með felldu varðandi uppboðin á þessum aflaheimildum munu því u.þ.b. 10% af auðlindaarðinum innheimtast gegnum þessi uppboð. Mikil samþjöppun í uppsjávargeiranum þýðir að hættan á samráði í uppboðum á kvótaþingi er veruleg nema uppboðsaðferðin sé vel út færð og samkeppnislögum framfylgt af kostgæfni.

Sú breyting að veiðigjald miðist við verga hlutdeild fjármagns í fiskveiðum er til bóta. Í þessu sambandi er hins vegar mikilvægt að taka tillit til þess að kjarasamningar sjómanna (hlutaskipti) veita útgerðum verulega hvata til þess að selja afla á undirverði til tengdra aðila þegar aflaverð er hátt. Í umsögn minni um frumvarpið (sjá hér að neðan) set ég fram gögn sem benda til þess að útgerðir leiki þennan leik í verulegu mæli. Þetta þýðir ekki einungis að útgerðarmenn eru líklega að fara á svig við kjarasamninga sjómanna í stórum stíl heldur einnig að veiðigjaldið mun ekki leggjast á allan auðlindaarðinn þar sem hluti hans er bókfærð í fiskvinnslunni en ekki í fiskveiðum. Á móti kemur að árgreiðsla sem miðast við eðlilegan arð af skipum, frystihúsum og öðrum fjárfestingum útgerðarinnar er ekki dregin frá þegar veiðigjaldið er reiknað út. Þegar tillit er tekið til þessara tveggja þátta er það gróft mat mitt að veiðigjaldið muni jafngilda 25% af auðlindaarðinum sem verður til við veiðar aflaheimilda sem úthlutað er með nýtingarsamningum.

Af ofangreindu má ráða að frumvarpið í núverandi mynd muni líklega þýða að u.þ.b. 30% af auðlindaarðinum verði innheimt annars vegar í gegnum veiðigjald (20%) og hins vegar í gegnum uppboð á veiðiheimildum á kvótaþingi (10%). Þar að auki verður 5% af auðlindaarðinum varið til byggðamála í gegnum strandveiðipott og byggðapott. Núverandi handhafa aflaheimilda munu því standa eftir með 65% af auðlindaarðinum. Forsætisráðherra hefur lýst því yfir að „sanngjarn“ hluti arðsins eigi að renna til þjóðarinnar. Ef 30-35% er ekki talinn sanngjarn hluti þarf að stækka leigupottinn eða hækka veiðigjaldið.

Frumvarpið kveður á um bann við varanlegu framsali aflahlutdeilda og bann við beinni og óbeinni veðsetningu aflahlutdeilda. Þessi ákvæði eru afskaplega óskynsamleg. Þau munu draga úr hagkvæmni í sjávarútvegi og erfiða nýliðum að hasla sér völl í greininni. Þau virðast því ganga í berhögg við yfirlýst markmið stjórnvalda varðandi breytingar á kerfinu. Þeir einu sem hagnast á þessum ákvæðum eru núverandi handhafar aflaheimilda. Bönnin reisa virkismúra sem nýliðar þyrftu að klífa til þess að komast inn í kerfið. Innan virkismúranna munu núverandi kvótahafar sitja í makindum sínum algerlega óhræddir við samkeppni að utan hversu óhagkvæmir sem þeir verða með tíð og tíma. Í stuttu máli eru bönn við framsali og veðsetningu uppskrift að óhagkvæmum sjávarútvegi til lengri tíma og þannig uppskrift að mun minni hagsæld á Íslandi en annars gæti orðið. Ég hvet stjórnvöld eindregið til þess að hverfa frá hugmyndum um þessi bönn.

Hér að neðan er tengill á umsögnina í heild:

[Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða](#)